

Aðalfundur 2007



Flugmóðelfélag Suðurnesja

Fundargerð

Fundur settur kl.20:15 í aðalfundarsal Vinnueftirlits Ríkisins Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík.

Mættir:

Guðni V. Sveinsson, Magnús Kristinsson, Gunnar M. Magnússon, Guðmar Marelsson,
Guðni Sigurjónsson, Jón B. Jónsson og Sverrir Gunnlaugsson.

Formaður stakk upp á Sverri Gunnlaugssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða af fundarmönnum. Magnús Kristinsson formaður kynnti skýrslu sína fyrir síðasta starfsár og ræddi framtíðarhorfur félagsins.

Því næst fór Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri yfir reikninga félagsins og voru þeir samþykktir, 3.909 kr tap var á fjárhagsárinu 2006. Næst fór Sverrir yfir fjárhagsáætlun og bar upp tillögu um hækkun félagsgjalda úr 5000 í 7500 og taka einnig upp sérstakt ungmennagjald upp að 18 ára aldri, 3000 krónur. Einnig var komið inn á framtíðarhorfur í rekstri félagsins. Hækkun félagsgjalda var samþykkt samhljóða eftir að umræðu lauk.

Sverrir Gunnlaugsson formaður flugvallarnefndar kynnti skýrslu sína.

Í kjöri stjórnarmanna þá buðu Guðni V. Sveinsson og Gunnar M. Magnússon sig fram til áframhaldandi starfa sem vallarstjóri og meðstjórnandi, í þeirri röð og fengu þeir rússneska kosningu. Engar tillögur eða lagabreytingar lágu fyrir.

Undir liðnum önnur mál var rætt um húsnæðismál félagsins. Samþykkt að skila Stekk til bæjarins þar sem húsið er ekki talið henta félaginu og framtíðarsýn þess.

Aðalfundarstörfum slitið kl.21:15

Viðstaddir tóku þá til við að gæða sér á veisluborði sem stjórn félagsins útbjó enda annálaðir matgæðingar þar á ferð. Með kaffinu var horft á vídeómyndir af fullskala P38, vídeómyndir frá síðustu mánuðum á nýja flugvellingum og flugkomu sem sótt var norðan heiða í sumar af félagsmönnum FMS.

Sverrir Gunnlaugsson